



## Aðalfundur Golfklúbbs Akureyrar fyrir rekstrarárið 2020/2021

Haldinn að Jaðri 14. desember 2021 kl. 20:00

Formaður klúbbsins Bjarni Þórhallsson setti fundinn, bauð félaga velkomna á aðalfund GA sem einnig var haldinn í gegnum fjarfundabúnað. Fundurinn fer eins og hér segir einnig fram í gegnum Teams þar sem félagar skráðu sig fyrirfram á fundinn og fengu sendan tengil til þess að taka þátt í fundinum. Þar mun leynileg atkvæðagreiðsla einnig fara fram. Bjarni tilnefndi fundarstjóra og ritara. Tilnefning var samþykkt án athugasemda.

Fundarstjóri var kosinn Sigmundur Ófeigsson og fundarritari var Guðlaug María Óskarsdóttir.  
Bjarni gaf fundarstjóra orðið.

Dagskrá aðalfundar:

1. Kosning fundarstjóra og ritara.
2. Skýrsla formanns um störf og framkvæmdir á liðnu starfsári.
3. Ársreikningur lagður fram til samþykkis.
4. Umræður um skýrslu formanns og ársreikningur borinn upp til samþykktar.
5. Kosning stjórnar og varmanna í stjórn GA. Kosning í nefndir á vegum klúbbsins. (hér eru bara bornar upp GSÍ nefndir, Vallarnefnd, kappleikjanefnd, forgjafarnefnd og aganefnd)
6. Kosning skoðunarmanna ársreiknings.
7. Tillaga stjórnar um árgjöld næsta árs.
8. Umræða og atkvæðagreiðsla um lagabreytingar ef einhverjar eru.
9. Önnur mál. Undir liðnum önnur mál gerir gjaldkeri grein fyrir rekstraráætlun næsta árs.

Fundarstjóri tók til máls og gaf formanni GA orðið, Bjarna Þórhallssyni.

**Skýrsla formanns:**

Bjarni Þórhallsson, formaður, byrjaði á því að minnast látinna félaga og fór í gegnum skýrslu formanns sem birt hefur verið á heimasíðu GA.

**Ársreikningur kynntur**

Steindór, framkvæmdarstjóri, gerði grein fyrir ársreikningi GA.

Steindór fór í gegnum ársreikning GA fyrir starfsárið 2020/2021. Hagnaður ársins var 26.300.107 kr eftir fjármagnsliði, samanborið við 18.590.085 kr hagnað árið áður. Ársreikningur er birtur á heimasíðu GA.

Rekstur ársins gekk mjög vel um er að ræða langbesta ár GA, tekjur námu alls 211 m.kr. samanborið við 180 m.kr. árinu áður sem er 17% aukning. Rekstrargjöld voru alls 179 m.kr. samanborið við 154 m.kr. árið áður en þau hækkuðu um 16% milli ára. Ebitda af rekstri er 43 m.kr. sém hækkar um 24% milli ára. Nánari upplýsingar má finna í ársreikning GA.

Gmò

### **Umræða um skýrslu formanns og ársreiknings ásamt samþykki ársreiknings:**

Karl Guðmundsson tók til orða og fór yfir hvað honum fannst um rekstur síðustu tveggja ára. Talaði jákvætt um starf GA og fyrir börn og unglings. Taldi erfitt að framkvæma næstu árin. Sagði sjálfboðaliða GA sterka og þeir hafa unnið mjög gott starf.

Fundarstjóri lagði ársreikninginn til samþykktar með atkvæðagreiðslu félaga í sal og Jón Heiðar sá um framkvæmd kosningar á fjarfundinum á Teams, enginn var á móti.

### **Kosning stjórnar og varmanna í stjórn, kosning í nefndir á vegum klúbbsins.**

Stjórn GA fyrir rekstrarárið 2021/2022:

#### Aðalstjórn

- |                                      |           |
|--------------------------------------|-----------|
| • Formaður – Bjarni Þórhallsson      | Eitt ár   |
| • Varaformaður: Jón Steindór Árnason | fyrra ár  |
| • Ritari: Skúli Eyjólfsson           | fyrra ár  |
| • Gjaldkeri: Guðlaug M. Óskarsdóttir | seinna ár |
| • Meðstjórnandi: Eygló Birgisdóttir  | seinna ár |

#### Varamenn í stjórn

- |                           |         |
|---------------------------|---------|
| • Finnur Bessi Sigurðsson | Eitt ár |
| • Vigfús Ingi Hauksson    | Eitt ár |

Kosið var um Bjarna til formanns, Jón Steindór og Skúla í stjórn. Þrí voru í framboði til varastjórnar Viðar Valdimarsson, Finnur Bessi Sigurðsson og Vigfús Ingi Hauksson. Leynileg kosning fór fram þar sem fundargestir í sal fengu kosningamiða og fundargestir á Teams greiddu með leynilegri kosningu á Teams. Atkvæði fóru þannig að 1 seðill var auður og 1 seðill ógildur, Vigfús fékk 30 atkvæði, Finnur Bessi 32 og Viðar 26 atkvæði. Því eru Finnur og Vigfús kosnir í varastjórn GA fyrir tímabilið 2021/22.

### **Kosið í nefndir – tillaga uppstillinganefndar**

#### Vallarnefnd:

- Jón S. Hansen
- Jón Steindór Árnason
- Heimir Jóhannsson
- Eyþór Hrafnar Ketilsson
- Halla Sif Svavarssdóttir
- Karl Guðmundsson

#### Kappleikjanefnd:

- Jón Heiðar Sigurðsson - formaður
- Baldur Ingi Karlsson
- Arinbjörn Kúld

#### Aganefnd:

- Björn Axelsson - formaður
- Stefán Jónsson
- Eiður Stefánsson

Forgjafarnefnd:

- Jón Heiðar Sigurðsson
- Tryggvi Jóhannsson
- Hjörtur Sigurðsson

Tillaga var samþykkt af meirihluta.

**Fundarstjóri bar fram tillögu um skoðunarmenn ársreiknings:**

Skoðunarmenn ársreiknings fyrir rekstrarárið 2021-2022:

- Sveinn Pálsson
- John Július Cariglia

Tillaga var samþykkt af meirihluta.

**Tillaga árgjalda 2021/2022.**

Borin var upp tillaga að árgjöldum, svohljóðandi.

27-66 ára – 117.000kr

67 + - 96.000kr

19-26 ára – 64.000kr

15-18 ára – 51.000kr

11-14 ára – 39.000kr

10 ára og yngri – 34.000kr

Nýliðar – 96.000kr

\*þeir sem greiða árgjald fyrir 15. mars fá áfyllingu að verðmæti 4.000 kr

\*\*Nýliðar fá Birdie kort á Klappir að auki

Umræður sköpuðust meðal fundargesta að taka ætti hjónagjaldið út (10%) en aðrir telja þetta góðann hvata til að hjón spili saman og konur komi í GA. Einnig kom fram að slíkur afsláttur er ekki hjá stærstu klúbbum á höfuðborgarsvæðinu.

Fundarstjóri bar tillöguna upp til atkvæða og var hún samþykkt af meirihluta.

**Lagabreytingar:**

Steindór fór í pontu og sagði að það væru lagabreytingartillögur en láðst hafði að setja þær með fundarboðinu og spurði fundargesti um áhuga fyrir að leggja þau fyrir fundinn en ákveðið var að geyma til næsta aðalfundar.

**Önnur mál**

Rekstraráætlun fyrir árið 2021/2022

Steindór fór í gegnum rekstraráætlun næsta starfsárs GA, áætlunin gerir ráð fyrir hagnaði upp á 15.500.000 kr þar sem ebitda er áætlað 32.000.000 kr. Samtals tekjur kr. 202.000.000 kr en samtals gjöld 180.000.000 kr. Áætlanir eru að vera með ræsir og vallareftirlit sem ekki hefur verið hingað til.

## Stefanía hættir

Steindór veitti Stefaníu blómvönd í þakklætisskyni fyrir vel unnin störf hjá GA en frá og með áramótum mun Stefanía halda á önnur mið.

## Verðlaun og viðurkennningar 2020/2021

Kylfingur ársins var valinn Lárus Ingi Antonsson og háttvísibikar GA hlýtur Skúli Gunnar Ágústsson.

Afreksmerki GA hljóta þeir sem orðið hafa Íslandsmeistarar, Akureyrarmeistarar karla eða kvenna og þeir sem hafa verið valdir í landslið á vegum Golfsamands Íslands.

Sveit GA 15 ára og yngri varð Íslandsmeistari

Skúli Gunnar Ágústsson

Veigar Heiðarsson

Ragnar Orri Jónsson

Valur Snær Guðmundsson

Ólafur Kristinn Sveinsson

Þá tók Bjarni Þórhallsson endurkjörin formaður GA til máls og krýndi þrjá aðila Heiðursmerki GA.

Halldór M Rafnsson, var gerður að Heiðursfélaga GA fyrir vel unnin störf til margra ára fyrir hönd GA. Sævar Gunnarsson, var gerður að Heiðursfélaga GA en Sævar hefur gróðursett mikið á svæði GA til fjölda ára.

Árni Jónsson, var gerður að Heiðursfélaga GA en Árni starfaði til margra ára sem golfkennari GA ásamt hinum ýmsu störfum og nefndum fyrir GA.

Orðið var svo laust.

Anton Benjamínsson tók til máls og fór yfir sínar áhyggjur af vellinum. Taldi þar upp hversu ósnyrtilegt væri, mikið um dósir og rusl og margt væri sem upp á vantaði og svo mætti lengi telja. Bað Anton um að umræður sínar verði tekna til hliðsjónar.

Halldór M Rafnsson nýkrýndur heiðursfélagi tók til máls og þakkaði innilega fyrir sig. Þakkaði frábæru fóki sem byggði upp völlinn ásamt starfsfólk GA. Sagði sig vera stoltann af því að vera GA félagi.

Fyrirspurn kom úr sal hver staðan væri á nýjum aðila í veitingarekstri. Steindór svaraði því að 5 flottar umsóknir hafi borist og unnið sé að þeim málum.

Steindór tók til máls til að svara Anton og hans áhyggjum. Fór hann þar yfir að málin væri ekki alltaf svona einföld. Ákvarðanir séu tekna út frá ákveðnum forsendum svo sem eins og ekki sé tækifæri til að vökva brautir bæði út frá framkvæmd og kostnaði. Steindór nefndi einnig að mikilvægt sé að halda jákvæðni á lofti og nefnir þá ma. Til starfsmanna gera allt í sinu starfi til að gera upplifun félaga GA og annarra sem allra besta. Allir þurfi og vilji hvatningu en um leið ítrekar að alltaf megi gera betur og hvetur til athugasemda en það megi gera með uppyggilegum hætti.

Bjarni formaður tók til máls og ræddi lauslega hvert GA stefni eða möguleika þess. Framtíðarplön, mikilvægt sé að vera með áætlunar og stefna hátt.

Að því loknu þakkaði formaður fyrir kjörið og fundinn.

Fundarstjóri fékk umboð fundarins fyrir starfsmenn hans að ljúka við ritun fundargerðar og sleit fundinum.

Fundi slitið 22:03

Fundaritari: Guðlaug María Óskarsdóttir

Fundarstjóri: Sigmundur Ófeigsson

Sigmundur Ófeigsson  
Guðlaug María Óskarsdóttir